



Fundur í Atvinnumálanefnd, 80-11-13

Mættir: Guðmundur Þ. Jónsson, Markús Sveinsson, Eggert Jónsson,
Guðmundur Einarsson og Gestur Ólafsson.

- Gestur Ólafsson sagði frá vinnu við landnotkunarkort fyrir höfuðborgarsvæðið sem nú er unnið að á Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins og hugmyndum um framtíðarskipulag almenningssamgangna og ítrekaði nauðsyn þess að skipulag landnotkunar, gatnakerfa og samgöngukerfa væru samræmd.
- Rætt var um verksvið og skipulag á vinnu nefndarinnar. Ákveðið að Eggert Jónsson og Gestur Ólafsson geri tillögu um þessi mál.
- Eggert Jónsson benti á að æskilegt væri að aðilar sem væru að stofnsetja eða flytja fyrirtæki gætu fengið upplýsingar auðveldlega og fljótt, hvar hugsanlegt væri að bera niður. Einnig væri æskilegt að nefndin tæki á móti ýmsum ábendingum frá fyrirtækjum og kæmi þeim á framfæri við opinbera aðila. EJ. gat enn fremur um að upplýsingar um landnotkun atvinnufyrirtækja væri nú í fyrsta sinn að finna í Árbók Reykjavíkur.
- Töluberðar umræður urðu um það með hvaða hætti væri æskilegt að efla atvinnulíf og styðja fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Ma. var bent á að æskilegt væri að koma upp vörulista yfir framleiðslu fyrirtækja á þessu svæði og að rétt væri að reyna að fá aðila iðnaðarins á svæðinu til þess að sameinast um aðgerðir.
- Guðmundur Einarsson benti á að æskilegt væri að möguleikar á atvinnustarfsemi á opnum svæðum á höfuðborgarsvæðinu væru kannaðir (td. æðarvarp, kræklingarárkt ofl.). Einnig ræddi hann um vöruflutningakerfi á svæðinu, - taldi til baga að vöruflutningar væru bundnir við gömlu höfnina í Reykjavík og að réttara væri að byggja upp sameiginlega vöruflutningamiðstöð fyrir höfuðborgarsvæðið við Sundahöfn.
- Ákveðið var að óska eftir því að fundargerðir atvinnumálanefnda í hlutað-eigandi sveitarfélögum verði sendar skipulagsstofunni og varðveisittar þar.
- Ákveðið að óska eftir fundi með formönnum skipulagsnefnda á höfuðborgarsvæðinu, miðvikudaginn 7. janúar '81.

G.O.